

Fundargerð 999. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2026, fimmtudaginn 28. maí kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Hildur Björnsdóttir, Anna Sigríður Guðnadóttir, Hjördís Ýr Johnson, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 998. fundar - 2510044SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 998. fundar stjórnar Sambandsins frá 8. maí 2026, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2509327SA

Lögð fram fundargerð 45. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 18. mars 2025.

3. Umhverfis- og innviðanefnd Sambandsins - 2509148SA

Lögð fram fundargerð 9. fundar umhverfis- og innviðanefndar Sambandsins frá 28. apríl 2026.

Stjórn tekur undir með umhverfis- og innviðanefnd hvað varðar reglur um skilagjaldsskyldar umbúðir séu ekki nægilega skýrar eins og æskilegt er. Núverandi regluverk eykur líkur á að umbúðir skili sér ekki í rétta söfnun og endurvinnslufarvegi. Skilagjaldsskyldar drykkjarvöruumbúðir sem ekki skila sér í rétta farvegi geta leitt til aukins kostnaðar sveitarfélaga af meðhöndlun umbúða sem hefðu átt að skila sér í annan farveg. Stjórn leggur til að kerfi skilagjaldsskyldra umbúða verði endurskoðað, mögulega með þrepaskiptingu gjalda. Slíkt væri til þess fallið að auka líkurnar á velheppnaðri endurvinnslu drykkjarvöruumbúða. Stjórn leggur jafnframt áherslu á að eðlilegt sé að endurskoða núverandi fyrirkomulag heildstætt og lýsir yfir vilja til að koma að slíkum viðræðum.

4. Menntunar- og velferðarnefnd Sambandsins - 2509140SA

Lögð fram fundargerð 11. fundar menntunar- og velferðarnefndar Sambandsins frá 21. apríl 2026.

5. Mótun viðmiða um sjálfbæra þróun sveitarfélaga - 2605017SA

Aðalhafraðingur fór yfir vinnu starfshóps fulltrúa ráðuneyta (IRN, FJR, URN) og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem vinnur að því að móta viðmið um

hvað felst í sjálfbærni sveitarstjórnarstigsins og einstakra sveitarfélaga. Markmiðið er ekki að bera saman einstök sveitarfélög, heldur er öðru fremur um að ræða tæki til stefnumótunar fyrir ríkið og sveitarfélög til langs tíma. Vinna starfshópsins byggir á stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028. Þar koma fram markmið stjórnvalda í sveitarstjórnarmálum og snýr eitt markmiðið að því að sveitarfélög verði öflug og sjálfbær og ýti undir lýðræðislega virkni íbúa.

6. Umsögn um drög að reglugerð um málsmeðferð vegna ákvörðunar um vistun barna með fjölþættar stuðningsþarfir í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins - 2604021SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til mennta- og barnaamálaráðuneytisins, dags. 12. maí 2026, um drög að reglugerð um málsmeðferð vegna ákvörðunar um vistun barna með fjölþættar stuðningsþarfir í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins, mál nr. S-74/2026. Svíðsstjóri stjórnslusviðs fór yfir stöðu málsins.

Á 12. fundi menntunar- og velferðarnefndar Sambandsins sem haldinn var 27. maí sl. var eftirfarandi bókað:

„Menntunar- og velferðarnefnd getur ekki fallist á öll þau skilyrði sem lögð eru til grundvallar í drögum að reglugerð um málsmeðferð vegna vistunar barna með fjölþættar stuðningsþarfir í sérhæfð vistunarúrræði á vegum ríkisins. Með reglugerðinni er ríkið að skilgreina frá hóp barna sem hefur þyngstu þjónustubörfina og hafa verið skilgreind af sérfræðingateymi sem börn með þörf fyrir fjölþætta þjónustu. Þetta er ekki í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga sem var undirritað dags. 19. Mars 2025. Sveitarfélögin hafa markvisst verið að brjóta niður múra milli eigin þjónustukerfa og einblína á barnið og þjónustuþarfir barna í samræmi við farsældarlögin. Umræddar breytingar á reglugerðinni eru til þess fallnar að flokka börn eftir sérfræðipækkingu og fjármagni þjónustuveitenda en ekki með þjónustuþarfir barnsins í forgrunni. Nefndin hefur þungar áhyggjur af því að viðkvæmur hópur barna, sem sannarlega þurfa á þriðja stigs þjónustu að halda, sitji eftir án viðeigandi úrræða. Nefndin telur að ríkið sé að bregðast skyldum sínum og sé langt frá því að efna framangreint samkomulag.“

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur undir áhyggjur menntunar- og velferðarnefndar og hafnar ákveðnum skilyrðum sem eru í reglugerðardrögum fyrir vistun barna með fjölþættar stuðningsþarfir í sérhæfð úrræði á vegum ríkisins.

Drögin fela í sér óásættanlegar hömlur á aðgengi þeirra barna sem hafa þyngstu og flóknustu þjónustuþarfirnar að sérhæfðum úrræðum. Skilyrði í c. og g-lið, 3. gr. reglugerðardraganna brjóta að auki í bága við samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025 og gengur þvert gegn markmiðum farsældarlaganna um samþætta þjónustu. Í stað þess að byggja á þörfum barnsins eru settar kerfislegar skorður sem útiloka það frá viðeigandi úrræðum. Afleiðingin er sú að börn sem þurfa þjónustu á þriðja stigi verða skilin eftir án úrræða sem er alvarlegur brestur í þjónustukerfinu og þar er ábyrgð ríkisins

skýr. Stjórn Sambandsins gerir kröfu um fund með ráðherra án tafar til að endurskoða texta reglugerðardraganna með það fyrir augum að reglugerðin uppfylli ákvæði samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025.

Margrét Ólöf A. Sanders vék af fundi kl. 9:10.

Hildur Björnsdóttir kom inn á fundinn kl. 9:15.

7. Skýrslan Húsnæði við hæfi - 2601021SA

Lögð fram skýrslan Húsnæði við hæfi: Heimili sem styður sjálfstætt líf, dags. í maí 2026. Skýrslan var unnin af starfshópi undir forystu félags- og húsnæðismálaráðuneytisins sem skilaði skýrslu með tillögum að aðgerðum fyrir 7-10 ára áætlun um að uppfylla þörf fatlaðs fólks fyrir sértæk húsnæðisúrræði. Aðalhogfræðingur gerði grein fyrir málinu.

8. Sveitarstjórnarkosningar 2026 - Hafðu áhrif - taktu þátt - Átak til hvatningar framboða - 2602006SA

Samskiptastjóri gerði grein fyrir kosningaáttakinu Hafðu áhrif - taktu þátt. Kosningaátakið náði góðri dreifingu og fékk jákvæð viðbrögð sem hafði áhrif í aukinni kosningaþátttöku á landsvísi sem var fagnaðarefni.

9. Stefna um opinbera þjónustu 2026 - 2602034SA

Lögð fram Stefna um opinbera þjónustu, dags. í mars 2026, sem unnin var af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Sviðsstjóri þróunarviðs gerði grein fyrir málinu.

10. Tilnefning í stjórn Byggðastofnunar - 2605009SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 19. maí 2026, þar sem Margrét Ólöf A. Sanders, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ og stjórnarmaður hjá Sambandinu, er tilnefnd sem aðalmaður í stjórn Byggðastofnunar, og Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambandsins, til vara.

11. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2027-2031 - 2605011SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 4. maí 2026, um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2027-2031, 577. mál.

12. Umsögn um frumvarp til loftslagslaga - ný heildarlög - 2605012SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 8. maí 2026, um frumvarp til loftslagslaga, 595. mál.

13. Umsögn um drög að skýrslu heilbrigðisráðherra um áætlun og framkvæmd lýðheilsustefnu til fimm ára - 2605479SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 19. maí 2026, um drög að skýrslu heilbrigðisráðherra um áætlun um framkvæmd lýðheilsustefnu til fimm ára, 2026-2030, mál nr. S-81/2026.

Fundi var slitið kl. 10:00